



Takene i Fyllingsdalen - samkeppni



Lýsing

Verkkaupi er eigandi bílasölunnar Auto 23 Spelhaugen sem bauð 3 aðilum þátttöku í lokaðri samkeppni um framtíðarsýn Fyllingsdalen bæjarhlutans í Bergen. **Batterið Arkitektar og Link Arkitektur í Bergen sigruðu samkeppnina** en aðrir kleppendur voru Snøhetta frá Noregi og BIG Architects frá Danmörku – hvort tveggja heimsfrægar teiknistofur.

Um er að ræða 6 hektara svæði og er gert ráð fyrir að á því risi þétt byggð verslana, skrifstofa og íbúða.

Meginmarkmið tillögunar er að skapa sjálfbæran bæjarhluta í manneskjulegum mælikvarða. Sótt var í staðbundnar hefðir í arkitektúr eins og bryggjuhúsin Bryggen í miðbæ Bergen. Tveir turnar munu rísa upp úr hverfinu í norðvestri og verða kennileiti staðarins sem munu sjást langt að. Á suðausturhluta er gert ráð fyrir menningarhúsi.

Bygðarmynstur tillögunnar felur í sér verulegan sveigjanleika hvað varðar þéttleika, áfangaskiptingu og framkvæmdaröðun. Bygðin er lagskipt þannig að skýr skil séu á milli verslanasvæðisins og skrifstofu- og íbúðarbyggðarinnar. Aðalsamgönguæðin myndar einskonar árfarveg sem liðast eins og fljót í gegnum hverfið frá norðri til suðurs og myndar félagslegan samkomustaður akandi og gangandi fólks auk fyrirtækja og íbúa.

Bílakjallari er undir hluta svæðisins með góða tengingu upp á efri hæðirnar. Á jarðhæðum eru stórverslanir með gagnsæjum framhliðum sem snúa að aðalgönguleiðum. Ofan á þetta lag er lagt einskonar grænt teppi fyrir skrifstofu- og íbúðabyggð. Bygðin er brotin upp í 12 metra mótul með línulegum grænum gördum sem tengjast grænu svæðunum beggja vegna dalsins og tryggja um leið góða dagsbirtu inn í byggingarnar. Um svæðið liggur göngustígur sem gerir fólki kleift að ferðast úr einum garði í annan með fjölbreyttri upplifun.

Við innkomu á svæðið er aðaltorgið með menningarhúsi sem er hjarta bæjarhlutans þar sem mannlífið blómstrar með veitingastöðum og litlum verslunum. Á góðviðrisdögum eru margvíslegar upptakomur á útisviði menningarhússins sem draga að fólki og gera torgið að skemmtilegum viðkomustað.



Upplýsingar

| | |
|----------------------|----------------------------------------|
| Heiti verks | 1219_Auto 23 Spelhaugen samkeppni |
| Heimilisfang | Fyllingsdal, Bergen |
| Verkkaupi | Auto 23 Spelhaugen |
| Arkitektar | Batterið arkitektar og Link Arkitektur |
| Landslagsarkitektar | Batterið arkitektar og Link Arkitektur |
| Stærð m ² | 149.860 m ² |
| Verklok | 2012 |